



Reykjavík, 20. nóvember 2024
MIR24110012

Stjórn Listahátíðar í Reykjavík 2024 – 2026

Ársfundur fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík fór fram í Safnahúsinu fimmtudaginn 14. nóvember 2024 og var afar vel sóttur. Aðild að fulltrúaráði eiga allar helstu menningarstofnanir landsins og fagfélög listafólks.

Einar Þorsteinsson borgarstjóri tók við formennsku fulltrúaráðs af Lilju Dögg Alfreðsdóttur menningarráðherra en ráðherra og borgarstjóri gegna formennsku og varaformennsku til skiptis.

Nýr fulltrúi borgarstjóra í stjórn er Katrín Jakobsdóttir en hún tók sæti Margrétar M. Norðdahl, sem setið hefur í stjórn Listahátíðar fyrir hönd borgarstjóra frá árinu 2014.

Katrín Jakobsdóttir verður formaður stjórnar næstu tvö árin en fráfarandi formaður, Sigtryggur Magnason, tekur við varaformennsku og situr áfram sem fulltrúi ráðherra. Tryggvi M. Baldvinsson situr áfram í stjórn Listahátíðar fyrir hönd fulltrúaráðsins.

Nýráðinn listrænn stjórnandi er Lára Sóley Jóhannsdóttir.

Virðingarfyllst,
Arnfríður S Valdimarsdóttir
Menningarborgin
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík